



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

137. fundur skólanefndar

Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn miðvikudaginn 10. ágúst 1988 í bóknámshúsi skólans og hófst kl. 17.00.

Fundinn sátu: Hjálmar Árnason skólameistari, Bogi Hallgrímsson, Ellert Eiríksson, Guðjón Kristjánsson, Vilhjálmur Ketilsson, Eggert Ólafsson, Guðlaugur Guðmundsson, Ægir Sigurðsson, aðstoðarskólameistari, og Stefán Jónsson, fjármálastjóri, og fundarritari.

Í fjarveru formanns nefndarinnar var Hjálmar Árnason tilnefndur fundarstjóri. Bauð hann fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár:

1. Kennararáðningar:

Eftirtaldir hafa sótt um setningu til eins árs:

Bjarni Jóhannsson
Magnús B. Hallvarðsson
Sigurbjörn Ólafsson

Samþykkt að mæla með að Bjarni Jóhannsson og Magnús B. Hallvarðsson verði settir til eins árs.

Sigurlaug Kristinsdóttir hefur sótt um setningu í hálfa stöðu.

Samþykkt að mæla með því.

Eftirtaldir hafa sótt um stundakennslu:

Björn Sturlaugsson
Stefán Jónsson

Samþykkt að mæla með ráðningu þeirra.

Enn hefur ekki tekist að ráða í stöðu íslenskukennara. Skólameistara veitt umboð til að ráða íslenskukennara ef umsókn berst.

2. Önnur mál:

a. Sigurlaug Kristinsdóttir hefur verið ráðin í hálft starf ritara á skrifstofu skólans.

b. Bréf hefur borist frá menntamálaráðuneytinu um skipan skólanefndar skv. nýju framhaldsskólalögunum. Stjórn SSS mun afgreiða málið.


c. Gjöf hefur borist frá Vélsmiðju Njarðvíkur að verðmæti kr. 200.000,- til vélstjórnarbrautar skólans. Halldóri Guðmundssyni, framkvæmdastjóra eru færðar þakkir fyrir þessa höfðinglegu gjöf.

d. Skólastarfið hefst með kennarafundi 25. ágúst nk. Nýnemar koma til sérstaks kynningarfundar 31. ágúst. Skólinn verður settur formlega 1. september og kennsla hefst samkvæmt stundaskrá 2. september.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.00.



Stefán Jónsson
fundarritari



Hjálmar Árnason
fundarstjóri